



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU
Gstaad, 28. júní 2012

FRÉTTATILKYNNING ⁽¹⁾

Sumarfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna fór fram í Gstaad í Sviss hinn 28. júní 2012 undir stjórn Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra og yfirmanns efnahagsráðuneytis Sviss. Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjögurra (Íslands, Liechtensteins, Noregs og Sviss) undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu um samstarf við Georgíu, en í fyrirsvari var Vera Kobalia, ráðherra efnahagsmála og sjálfbærrar þróunar í Georgíu.

Alþjóðlegt efnahags- og viðskiptaumhverfi

Ráðherrar EFTA-ríkjanna ræddu efnahagsástandið í heiminum og horfur í alþjóðaviðskiptum og gerðu sér grein fyrir þeim mikilvægu og brýnu úrlausnarefnum sem stefnumótandi aðilar og atvinnurekendur standa frammi fyrir. Þeir lögðu áherslu á mikilvægi þess að styðja við efnahagslegan og fjárhagslegan stöðugleika, svo og að stuðla að vexti og atvinnusköpun. Ráðherrar EFTA-ríkjanna minntu á það mikilvæga hlutverk sem opnir markaðir gegna í að ná fram sjálfbærum vexti og ítrekuðu stuðning sinn við öflugt, reglufast viðskiptakerfi innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Ívilnandi viðskiptasambönd

Ráðherrar EFTA-ríkjanna létu þess getið að fríverslunarsamningar EFTA við samstarfsaðila utan Evrópusambandsins væru nú 24 talsins við 33 lönd um heim allan. Þar við bætast svo fimm sameiginlegar yfirlýsingar um samstarf. Í þessu sambandi fögnuðu ráðherrarnir því að fríverslunarsamningur við Úkraínu hefði gengið í gildi 1. júní 2012 og að undirrituð hefði verið sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Georgíu. Þá lögðu ráðherrarnir áherslu á að þróa frekar núverandi fríverslunarsamninga EFTA, t.d. samningana við Kanada og Lýðveldið Kóreu.

Ráðherrarnir ræddu yfirstandandi samningaviðræður EFTA. Þeir hvöttu til að samningaviðræðum við Bosníu og Hersegóvínu yrði lokið hið fyrsta. Þeir lýstu ánægju sinni með þann árangur sem náðst hefði til þessa í samningaviðræðum við aðildarríki tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans.

⁽¹⁾ Óopinber þýðing EFTA-skrifstofunnar úr ensku

Ráðherrarnir minntu á að lögð hefði verið áhersla á að efla viðskiptatengsl við samstarfsaðila í Asíu og þeir staðfestu að þokast hefði í rétta átt í samningaviðræðum við Indland og sögðu æskilegt að ljúka þeim. Þeir sögðu gleðilegt hve vel hefði miðað í viðræðum við Indónesíu og ítrekuðu að þeir hefðu fullan hug á að taka á ný upp þráðinn í viðræðum við Taíland. Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með upphaf viðræðna við Víetnam. Í tengslum við opinbert upphaf þessara viðræðna, sem áformað er að hefjist í júlí 2012, munu EFTA-ríkin viðurkenna stöðu Víetnams sem markaðshagkerfis.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með aðra umferð samningaviðna við Mið-Ameríkuríkin Kostaríku, Hondúras og Panama og létu í ljós ósk um að unnt væri að hraða viðræðunum.

Ráðherrarnir ræddu einnig yfirstandandi og fyrirhugaðar viðræður í þeim tilgangi að fjölga fríverslunarsamningum EFTA. Í þessu sambandi fögnuðu þeir yfirstandandi könnunarviðræðum við Malasíu og létu í ljós ósk um að fríverslunarviðræður gætu hafist við fyrsta tækifæri. Ráðherrarnir staðfestu áhuga sinn á að kanna grundvöll fyrir nánari viðskiptatengslum við Filippseyjar. Þeir ákváðu að taka til athugunar að móta nánari viðskiptatengsl við Pakistan og að leggja til að undirrituð yrði sameiginleg yfirlýsing um samstarf í því skyni.

Ráðherrarnir voru á einu máli um að kanna áfram hugsanlegar leiðir til að auka viðskipti, fjárfestingar og samstarf við MERCOSUR-ríkin (Argentínu, Brasilíu, Paragvæ og Úrúgvæ). Þeir voru einnig einhuga um að skoða frekar möguleika á þróun nánari viðskiptatengsla við hugsanlega samstarfsaðila í Afríku sunnan Sahara.

Samstarf við Evrópusambandið

Ráðherrar EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES-samningnum, lýstu ánægju með að 20 ár eru liðin frá undirritun þess samnings og lögðu áherslu á að framkvæmd samningsins gengi vel, í samræmi við upphafleg markmið. Þeir ræddu almenna framkvæmd EES-samningsins í tengslum við fjármála- og efnahagskreppuna í Evrópu og lögðu áherslu á nauðsyn þess að beita samhæfðum og umfangsmiklum aðgerðum á Evrópuvísu.

Ráðherrarnir fögnuðu þeim árangri sem náðst hefði að undanfögnu að því er varðar vinnu við að fella réttarregur ESB inn í EES-samninginn. Þeir lýstu einnig ánægju með að það sem af væri ári hefði verulega gengið á þann fjölda lagagerða sem varða innri markaðinn og bíða þess að verða felldar inn í EES-samninginn.

Ráðherrarnir lýstu áhyggjum sínum af því hve erfiðlega EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, gengur að fá aðild að tilteknum áætlunum og stofnunum ESB, einkum að því er varðar evrópskar eftirlitsstofnanir með fjármálamörkuðum og Evrópska rannsóknasvæðið, og hvöttu alla aðila til að leita hagnýtra lausna á þeim vanda. Þeir ítrekuðu mikilvægi náins samstarfs við Evrópusambandið um orkumál og loftslagsbreytingar og ræddu hve brýnt væri fyrir EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að þau geti áfram tekið þátt í sameiginlegu evrópsku viðskiptakerfi með losunarheimildir.

Að því er varðar fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfið fyrir árin 2009–2014, fögnuðu ráðherrarnir því að gerð hefði verið viljayfirlýsing með öllum styrkríkjunum.

Ráðherrunum var loks greint frá stöðu og horfum í samskiptum Sviss við Evrópusambandið, einkum tillögum Svisslendinga varðandi stofnanir.

Ráðgjafarstofnanir

Ráðherrarnir héldu fundi með tveimur af ráðgjafarstofnunum EFTA: þingmannanefndinni og ráðgjafarnefndinni. Þeir ræddu við nefndarmenn um ýmis málefni, meðal annars nýlega framvindu mála í samskiptum EFTA-rikkanna við ríki utan EES og síðustu atburði á Evrópska efnahagssvæðinu og í samskiptum Sviss og Evrópusambandsins.

Nýr framkvæmdastjóri

Ráðherrarnir gátu þess að Kåre Bryn, framkvæmdastjórni EFTA, myndi láta af störfum 31. ágúst 2012 og lýstu þakklæti sínu í hans garð fyrir mikilvægan skerf hans til EFTA á undanförunum sex árum. Þeir þökkkuðu einnig fráfarandi aðstoðarframkvæmdastjóra, Bergdís Ellertsdóttur, og Didier Chambovey, fyrrverandi aðstoðarframkvæmdastjóra sem sagði starfi sínu lausu í ágúst 2011, fyrir gagnlegt framlag þeirra til starfsemi samtakanna. Eftirmaður Kåre Bryn verður Íslendingurinn Kristinn F. Árnason.

Fundinn sátu:

Sviss: Johann N. Schneider-Ammann, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins (fundarstjóri)

Ísland: Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, ráðherra utanríkisviðskipta

Liechtenstein Aurelia Frick, utanríkisráðherra

Noregur: Trond Giske, viðskipta- og iðnaðarráðherra

EFTA: Kåre Bryn, framkvæmdastjóri
